



## Lögfræðistofa Reykjavíkur

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
b.t. Kristófers Tómassonar, sveitarstjóra  
Árnesi  
801 Selfossi

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 020	K/S 6.3.20
Ábm. [Signature]	Svfr.
Afgr. [Signature]	)Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Reykjavík, 4. mars 2020

### Efni: Álagning gatnagerðargjalds -Holtabraut 10

Undirritaður lögmaður hefur tekið að sér að senda þér þessa orðsendingu f.h. Jóhönnu Valgeirsdóttur, kt. 200274-4749 og Ágústar Guðmundssonar, kt. 260271-5209, bæði til heimilis að Holtabraut 19 (áður Brautarholt 10), 804 Selfossi, vegna ódagsetts bréfs sem þú undirritar f.h. sveitarfélagsins en umbjóðendur mínir móttóku þann 27. desember sl.

Með síðastnefndu bréfi voru umbjóðendur mínir krafðir um greiðslu svonefnds B-gatnagerðargjalds að fjárhæð 842.002 krónur. Umbjóðendur mínir mótmæla álagningu gjaldsins og hafna kröfunni alfarið.

Fyrir liggur að umræddri lóð var úthlutað hinn 4. apríl 2002. Ennfremur liggur fyrir að gjaldskrá sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda tók ekki gildi fyrr en þann 10. nóvember 2004 með birtingu í Stjórnartíðindum. Fyrr þann tíma var engin gjaldskrá í gildi hjá sveitarfélaginu vegna gatnagerðargjalda eftir því sem undirritaður kemst næst.

Af framangreindu leiðir að í lögskiptum aðila gilda lög nr. 17/1996 um gatnagerðargjald. Af ákvæði 1. mgr. 6. gr. nefndra laga leiðir að sveitarfélögum bar skylda til að setja sérstaka gjaldskrá um gatnagerðargjald. Þannig má ganga út frá því sem vísu að gerð gjaldskrár hafi verið skilyrði fyrir innheimtu gatnagerðargjalda í gildistíma laga nr. 17/1996. Framangreint er í raun staðfest í minnisblaði Lögmannna Suðurlandi til sveitarfélagsins, dags. 8. febrúar 2019, þar sem segir orðrét á bls. 8 í tengslum við umfjöllun um lóðir sem falla undir gildissvið laga nr. 17/1996; „Ekki er unnt að líta svo á að heimild til álagningar gatnagerðargjalda hafi stofnast á grundvelli laganna ef ekki var gerð gjaldskrá eða samþykkt af hálfu sveitarfélags.“ Þar sem slík gjaldskrá lá ekki fyrir þegar lóðinni var úthlutað er umrædd skattlagning án lagastoðar og breytir engu í því sambandi þó að formlegur lóðarleigusamningur hafi ekki verið undirritaður fyrr en eftir gildistöku gjaldskrárinnar.


Við þetta bætist að í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 153/2006, sbr. 1. gr. laga nr. 127/2015, felst að aðeins er heimilt að leggja B-gatnagerðargjald á fasteignir sé þeim framkvæmdum lokið fyrir 31. desember 2017. Sams konar lagaskilareglu var að finna í 1.

tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996. Þar sem framkvæmdum við lagningu bundins slitlags í byggðakjarnanum Brautarholti lauk ekki fyrr en á árinu 2019 brestur sveitarfélaginu heimild til álagningar gjaldsins.

Þessu til viðbótar byggja umbjóðendur mínir á því að krafan sé fyrnd. Samkvæmt 2. másl. 1. gr. laga nr. 17/1996, er gatnagerðargjald fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar. Fyrir liggur að umræddri lóð var úthlutað þann 4. apríl 2002. Skattkröfur fyrnast á fjórum árum og er því ljóst að krafan er fyrir löngu fallin niður fyrir fyrningu.

Viðbrögð við bréfi þessu skulu berast undirrituðum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Jónönnu Valgeirsdóttur og  
Ágústar Guðmundssonar

  
Einar Hugji Bjarnason hrl.